

1859. maí 1754 6. gr., viðvíkjandi þóknun til erindsreka eða milli-
27. maí. göngumanns, skal, ásamt hegningu þeirri, er við lá ef út af var brotið, vera úr lögum numin.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sèr þegnlega að hegða.

27. maí. **15. Opíð bréf um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi viðvíkjandi auglýsingum í blöðunum í vissum tilfellum.**

Vèr Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 22. febrúar 1855 viðvíkjandi auglýsingum þeim, sem í vissum tilfellum áður voru lögboðnar í blöðum „Adressekontoirsins”, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Auglýsingar þær, sem eptir reglum þeim, er hingað til hafa verið í gildi á Íslandi, áttu, til þess þær gæti álitizt nægilega birtar, að takast inn í Berlingatíðindi og í blöð „Adressekontoirsins” eða í dagblað stiptisins, skulu hèreptir álitast þannig kunngjörðar, ef þær hafa verið birtar í hinum fyrstnefndu tíðindum og í einhverju blaði, sem kemur út í Reykjavík og nákvæmar verður tiltekið af dómsmálastjórnarherranum.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sèr þegnlega að hegða.

27. maí. **16. Opíð bréf, er lögleiðir á Íslandi lög 13. september 1855, sem leyfa dönskum skipurum að ráða útlenda menn á skip sín.**

Vèr Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 13. september 1855, sem leyfa dönskum skipurum að ráða útlenda menn á skip sín, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1859.
27. maí.

Það skal hér eptir, þegar danskt skip er gjört út frá einhverjum stað á Íslandi, vera leyft, einnig að ráða á það útlenda sjómenn, þó skal þess gætt, að helmingur skipverja, auk skipstjóra og stýrimanna, seú menn, er eigi heima í hinu danska konungsveldi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur seú þegnlega að hegða.

Ágrip

af skýrslu dómsmálastjórnarherra til konungs um löggildingu nokkurra lagaboða á Íslandi, er út komu í Danmörku árin 1855 og 1856, dags. 16. maí 1859.

Í konungsrúrskurði 10. nóvemberm. 1843 er svo fyrir mælt, að fulltrúi konungs skuli, eptir að hafa ráðgæzt um það við hlutaðeigandi stjórnarráð, í hvert skipti leggja fyrir alþingi þau af hinum almennu lagaboðum, er síðast hafa út komið í Danmörku, sem ekki hefur verið boðið að leggja fyrir þingið sértaklegt frumvarp um að lögleiða á Íslandi, en sem þó kynni við eiga að veita þar lagagildi; og skuli hann skora á þingið að láta í ljósi álit sitt um löggildingu þeirra, og um þær breytingar, er við þætti eiga að gjöra á þeim.

Samkvæmt þessu hefur konungsfulltrúinn, Melsteð amtmaður, að tilhlutun stjórnarinnar borið undir álit alþingis 1857 lagaboð þau er nú skal greina:

1. Lög 22. febrm. 1855 viðvíkjandi auglýsingum, sem að undanfögnu hefur verið boðið að þegar svo stendur á skyldi prenta í dagblaði því er heitir „Adressecontoiets Efterretninger“ (Auglýsingatíðindi);

2. Lög 6. aprílm. s. á., sem gjöra leiguburð af peningum fjálsan í vissum tilfellum, og breyta straffi fyrir okur, m. m.;

3. Lög 13. septemberm. s. á. um leyfi fyrir danska skipara að ráða útlenda menn á skip sín, og

4. Lög 8. marzm. 1856, er skipa fyrir, að hæztiréttur skuli gefa ástæður fyrir dómum sínum.

Um lagaboð það, sem nefnt er undir 1. tölulið, gat þingið þess, að það væri þess eðlis að það ætti að fá lagagildi á Ís-

1859.
27. maí.

landi, einkum þegar litið er á það, sem fyrir er skipað í opnu bréfi 9. maí 1855, er lögleiðir á Íslandi lög 25. aprílm. 1850; en við umræður málsins komst þingið að þeirri niðurstöðu, að betur ætti við að auglýsingar þær, sem eptir lögum þeim, er nú var á vikið, á að birta í „Auglýsingatíðindum” Dana, væru kunngjörðar í einhverju blaði er út kæmi í Reykjavík, eptir því sem stjórnin nákvæmar ákvæði um það efni; en þar af leiddi aptur, að auglýsingar þær, er hér ræðir um, ættu einungis að birtast í Berlinga-tíðindum og því dagblaði er kæmi út í Reykjavík og til þess yrði kosið; yrði þá löggilding lagaboðsins, eins og það er, óþörf á Íslandi.

Um löggildingu lagaboðsins frá 6. aprílm. 1855 urðu á þinginu umræður bæði með og móti, en með 11 atkvæðum mót 8 komst þó þingið til þeirrar niðurstöðu, að þetta lagaboð ætti að öðlast gildi á Íslandi, og urðu 18 atkvæði gegn 5 fyrir því, að 2. grein þess yrði felld úr, að því leyti Ísland snertir, og 14 atkvæði gegn 6 fyrir því, að biðja konung um að lögleiða lagaboðið með þessari breytingu.

Um lögin frá 13. september 1855 viðurkenndi þingið að sönnu að þau, eins og nú stæði á á Íslandi, ekki gætu haft neina verulega þýðingu, en þar sem þó þingið á hinn bóginn hlaut að fallast á, að þetta kynni að breytast, og að líkindum breytist, þegar stundir líða fram, og frjálsa verzlunin hefði náð þroska á Íslandi, þótti þinginu næg ástæða til að biðja um löggildingu lagaboðsins með þeirri breytingu í upphafinu, er þannig sè hljóðandi:

„Það skal eptirleiðis, þegar skip, sem á heima í konungsríkinu Danmörku eða á Íslandi, er gjört út frá einhverjum stað í Danmörku eður hér á landi, vera leyft”, o. s. frv.; sömuleiðis í niðurlaginu, að sett verði: „konungsveldinu”, ístaðinn fyrir „konungsríkinu”.

Lögin frá 8. marzm. 1856, um birtingu af ástæðum hæztaréttardóma, áleit þingið væri sjálfsagt að öðlast ætti lagagildi á Íslandi, þar sem hæzti réttur sè æðsti dómur í íslenskum málum; þingið adhylltist því í einu hljóði, að þetta lagaboð ætti óbreytt að lögleiðast á Íslandi.

1859.
27. maí.

Samkvæmt því, er skorað var á þingið um að athuga, hvort lögleiða ætti á Íslandi nokkur önnur af almennum lagaboðum, þeim er út hafa komið árin 1855 og 1856, en þau 4, sem nú hefur verið á vikið og stjórnin hafði bent á, hefur þingið í álitsskjali sínu leitt athuga að lögum 2. aprílm. 1855, sem inn kalla gömlu ríkisortin eður spesíufimmtungana. En með því svo virðist, sem spurning sú heyrir undir fjárstjórn alríkisins, hvort lögleiða beri lög þessi á Íslandi, og heimfæra þau þar, eður ekki, hefur sá hluti málsins, er þar að lýtur, verið fenginn fjárstjórninni til frekari framkvæmda.

Um hin lagaboðin, þau er um ræðir í álitsskjali alþingis, getur ráðherrann þess, að það sé að vísu nokkrum vafa undirorpið, hvort nauðsyn beri til að löggilda beinlínis á Íslandi ákvarðanir þær, sem settar eru í lögum 22. febrúarm. 1855, og lúta að því að birting sú, er boðið var að stundum skyldi eiga sér stað í „Auglýsingatíðindunum“, ekki skuli við höfð eptirleiðis; en með því slík birting þó er nefnd í opnu bréfi fyrir Ísland 9. maí s. á. og lagaboð þetta er yngra en lögin 22. febrúarm., virðist það þó vera réttast, að tilskipanir þær, er að því leyti Ísland snertir mæla svo fyrir, að birta skuli auglýsingar í áður greindum tíðindum, seu beinlínis numdar úr gildi; og þótti ekkert vera því til fyrirstöðu, að fallast á þá uppástungu alþingis, að eigi þurfi eptirleiðis að birta auglýsingar þær, sem um er rætt í opnu bréfi 9. maí 1855, í dagblöðum stiptisins, en í stað þess skuli birta þær í einhverju blaði er út komi í Reykjavík. Um lagaboðin 6. aprílm. 1855 og 13. septemberm. s. á. er þess getið, að ekkert sé á móti því að löggilda þau á Íslandi samkvæmt uppástungu alþingis, og með breytingum þeim er þingið stakk upp á; þó á þann hátt, að hagað sé öðruvísi orðum í byrjuninni á þínu síðar nefnda af lagaboðum þessum. En þar sem þingið í einu hljóði bað um, að lög 8. marzm. 1856, er bjóða hæstarétti að til greina ástæður fyrir dómum sínum, yrðu lögleidd á Íslandi, þá virtist þetta eigi vera nauðsynlegt og jafnvel ekki eiga við, vegna þess lögum þessum samkvæmt efni þeirra hefur þegar um lengri tíma verið fylgt einnig þegar Ísland hefur átt hlut að máli, og ber það þess vitni, að

1859. í hæstarèttartíðindunum hafa einnig verið birtar ástæður fyrir
 27. maí. dómum réttarins, þeim er upp hafa verið kveðnir í íslenskum málum. Alþingi hafði til styrkingar bæn sinni skýrskotað til þess, að opið bréf 17. febrúarm. 1847, um borgun fyrir málsvarnarmenn við hæstarètt, hafi á sínum tíma verið lögleitt á Íslandi, smbr. opið bréf 9. maím. 1855; en þessi ástæða virtist varla geta ráðið málalyktum, með því öðruvísi stóð á en um þau lög, er hér ræðir um. Þar á móti hefur þótt við eiga, að lög þessi væri út lögð á Íslenzku, svo að þau þar á eptir yrðu þinglesin á Íslandi, svo sem fyrir er mælt í tilskipun 21. desemberm. 1831.

27. maí. **17. Konungleg Auglýsing til Alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1857.**

Vér Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., sendum Voru trúa alþingi kveðju guðs og Vora!

Vér höfum með allrahæstri velþóknun meðtekið þegnlegt ávarp alþingis, og hefur Oss verið það ánægjusamt að sjá af því, hversu alþingi metur tilraunir Vorar til að efla hag Vorra trúu og kæru þegna á Íslandi og framfarir landsins. Og eins og tilraunir Vorar framvegis skulu stefna að þessu sama takmarki á sama hátt og að undanfögnu, eins treystum Vér því, að alþingi láti í tæ til þessa hyggilega og trúlynda aðstöð sína. — En þarsem alþingi í áður greindu þegnlegu ávarpi sínu hefur þótt ástæða til þess, að gjöra þá athugasemd, að íslenzka verzlunarmálinu hafi á sínum tíma verið ráðið til lykta, án þess þingið væri kallað til ráðaneytis um hin síðustu úrslit málsins, þá skal þess getið, að bæði liggur það í augum uppi, að þetta mál, er mjög snertir hagsmuni þegna Vorra í Danmörku, og einkum hinnar dönsku verzlunarstéttar, eigi varð leitt til lykta án þess ríkisþingið ætti þátt í því, og svo þótti einnig því síður ástæða til að bera mál þetta, er einusinni hafði verið rætt á